**118. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 24. júní 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Einar Brandsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901194 - Skógræktarfélag Akraness 2019 - styrkir og land til skógræktar**

Samningur Skógræktarfélagsins við Akraneskaupstað. Steinar Adolfsson situr fundinn undir þessum lið.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir meðfylgjandi samning.*

**2. 1802405 - Faxabraut 10 - leigusamningur**

Ákvörðun um áframhaldandi not húsnæðisins að Faxabraut 10. Steinar Adolfsson situr fundinn undir þessum lið.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi framlengingu á leigusamning á um 70 fermetra rými við Faxabraut 10. Steinar Adolfsson víkur af fundi.*

**3. 1904098 - Suðurgata 121 bílgeymsluþak - grenndarkynning**

Erindið var grenndarkynnt frá 20. maí til 20. júní 2019, fyrir lóðarhöfum við Suðurgötu 119, 120, 122, 124, Skagabraut 9-11, 15, 17, 19 og 21. Samþykki eigenda á Skagabraut 9-11 og Skagabraut 10 barst á tímabilinu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt.*

**4. 1906135 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áfangi - Asparskógar 23**

Tölvupóstu Uppbyggingar ehf. fh. Ferrum fasteigna varðandi fjölda hæða Asparskóga 23.

*Erindið lagt fram.*

**5. 1905311 - Vesturgata 103 - Umsókn um byggingarleyfi**

Óskað er eftir að grenndarkynnt sé breyting á Vesturgötu 103 í samræmi við teikningar Al-hönnunar. Um er að ræða stækkun svala og kvistar á rishæð og bæta við glugga og svölum á 1. hæð.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr.*
*Grenndarkynna skal fyrir eigendum að Vesturgötu 97, 101 og 105.*

**6. 1905410 - Skólabraut 37 - Umsókn um byggingarleyfi**

Sótt er um byggingarleyfi fyrir byggingu kvists á norðurhlið og breyttum inngangi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. Grenndarkynna skal fyrir Skólabraut 35A, Kirkjubraut 1 og Heiðargerði 6.*

**7. 1808052 - Skólabraut 31 - umsókn um byggingarleyfi**

Óskað er eftir að breyta notkun bílskúrs í íverými.

*Skipulags- og umhverfisráð felur Stefáni Þór Steindórssyni, byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.*

RS

**8. 1901196 - Sementsreitur - uppbygging**

*Skipulags-og umhverfisráð felur Sævari Frey Þráinssyni og Sigurður Páli Harðarsyni að setja af stað ferli til að ráða tímabundið verkefnisstjóra að uppbyggingu sementsreits.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:45.**

Ragnar Sæmundsson

Guðrún Jóh. Jóhannsdóttir

Einar Brandsson

Stefán Þór Steindórsson

Sig. P. H.

Hafdís Sigurþórsdóttir.